

# Beitir þú

## konu/kærustu þína ofbeldi?

**Eftir því sem þú svarar fleiri spurningum játandi þeim mun meiri hættu er á að þú beitir konu/kærustu þína ofbeldi. Ef þú kannast við hegðun þína í mörgum neðangreinum atriðum ættir þú að fá aðstoð fagaðila.**

- Hvernig var samband ykkar í upphafi? Sveiflaðist þú milli eldheitrar ástríðu og óöryggis gagnvart henni? Þrýstir þú á hana að gera alvöru úr sambandinu?
- Mislíkar þér við fjölskyldu hennar, vini og vinnufélaga (sérstaklega karlkyns)?
- Hefur þú komist að því hvað hún er lengi í og úr vinnu/skóla? Viltu helst sækja hana beint í vinnuna/skólann?
- Finnst þér börnin ræna athygli hennar frá þér?
- Ert þú gagnrýninn á uppeldisaðferðir hennar?
- Finnst þér vinna hennar eða skóli vera lítils virði?
- Kemur fyrir að þú gagnrýnir fataval hennar og útlit?
- Viltu helst að þið séuð bara tvö ein saman? Reynir þú að aftra henni frá því að hitta annað fólk?
- Ef þú, eða þið bæði hafið fengið ykkur áfengi, endar það þá oft í rífrildi?
- Finnst þér að þegar allt kemur til alls eigi karlinn að ráða?
- Viltu vita allt um hennar fyrrverandi? Viltu að hún losi sig við hluti tengda fyrri ástarsamböndum?
- Kemur það fyrir að þú sért harðhentur við börn eða gæludýr?
- Ásakarðu hana oft fyrir að vera þér ótrúur?
- Hefur þú yfirlit yfir fjármál ykkar og skammtar henni peninga eða leynir þú hana upplýsingum um fjármálin?
- Viltu hafa eftirlit með símtölum hennar, tölvupósti, SMS, bréfum, bankareikningum og þess háttar?
- Kemur það fyrir að þú niðurlægir hana frammi fyrir öðru fólk?
- Eyðileggur þú persónulega muni hennar í bræði?
- Finnst þér óþarfi að hún mennti sig meira?
- Kemur fyrir að þú öskrar á hana eða uppnefnir hana?
- Reynir þú að fá hana til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum sem hún kærir sig ekki um? Heldur þú áfram að þrýsta á hana þó þú gerir þér grein fyrir að hún vilji það ekki?

**Ef þú kannast við eitthvað af eftirfarandi atriðum ert þú í verulega vondum málum og ekki síst konan sem þú býrð með - leitaðu aðstoðar strax:**

- Hefur þú einhvern tímann reynt að aftra henni frá að fara til læknis án þess að þú sért með henni?
- Hefur þú einhvern tímann hóttað að beita hana ofbeldi?
- Hefur þú einhvern tímann hrint henni?
- Hefur þú einhvern tímann haldið henni fast, hrist hana eða slegið utan undir?



**Hér á landi eru sálfræðingar sem sérhæfa sig í aðstoð við ofbeldismenn. Hægt er að fá nánari upplýsingar í síma Kvænnaathvarfsins 561 1205. Þangað geta konur líka hringt til að fá stuðning.**

Listinn er tekinn saman af sænskum fagaðilum og áhugafólki gegn kynbundnu ofbeldi og þýddur og staðfærður af Samtökum um kvænnaathvarf.